

um skipulagningu á fisklöndun til fiskvinnslustöðva.

Flm.: Lúðvík Jósepsson, Garðar Sigurðsson.

Alþingi ályktar að fela sjávarútvegsráðuneytinu að undirbúa löggjöf um skipulag á fisklöndun til fiskvinnslustöðva með það að markmiði, að fiskiskipafloti landsmanna nýtist sem best til þess að tryggja fiskvinnslustöðvum sem jafnast og best hráefni til samfelldrar vinnslu.

Áhersla skal lögð á eftirfarandi meginatriði í hinu nýja skipulagi:

1. Landinu sé skipt í löndunarsvæði í samræmi við samgönguáðstæður og hagkvæm samskipti á milli fiskvinnslustöðva. Endanlegt ákvörðunarvald um svæðaskiptingu hafi hagsmunaaðilar á svæðunum.
2. Yfirstjórn á hverju löndunarsvæði sé í höndum heimaaðila á svæðinu, þ. e. a. s. í höndum fulltrúa fiskvinnslustöðva, útgerðaraðila og sjómanna og fiskvinnslufólks.
3. Stefnt sé að því að miðla hráefni á sem hagkvæmastan hátt á milli fiskvinnslustöðva þannig að vinna geti verið samfelld og hagkvæm í öllum vinnslustöðvum svæðisins.
4. Fiskaflí sé fluttur í kældum og lokuðum flutningatækjum á milli vinnslustöðva eftir því sem þörf er á.
5. Að því sé stefnt, að fiskveiðiflotinn, sem veiðir fyrir svæðið, sé í góðu samræmi við afkastagetu vinnslustöðvanna.
6. Tryggt sé í væntanlegri löggjöf, að ríkissjóður leggi fram nokkurt fé til að koma skipulagningunni á og til þess að standa undir hluta af rekstri nauðsynlegra flutningatækja.

Heimilt verði að taka nokkurt gjald af öllum lönduðum fiski á svæðinu til þess að standa undir sameiginlegum kostnaði.

#### Greinargerð.

Á loðnuvertíðinni veturinn 1973 var í fyrsta sinn tekið upp skipulag á löndun á loðnuafli til verksmiðjuvinnslu.

Allir, sem til þekkja, munu viðurkenna að starf loðnunefndar og það skipulag, sem ákveðið var með lögunum um löndun á loðnu til bræðslu, hafi orðið að miklu gagni, m. a. til að tryggja betri nýtingu loðnuverksmiðjanna og greiðari löndun aflans en áður var.

Sú reynsla, sem fengist hefur af skipulaginu á löndun loðnuafllans, hefur leitt hugann að því, að ekki væri síður þörf á að taka upp ný vinnubrögð varðandi löndun á öðrum fiskafla til fiskvinnslustöðvanna, sem dreifðar eru á mörgum stöðum víðs vegar um landið. Þegar útgerð hinna minni skuttogara hófst með nánnum tengslum milli fiskveiða og fiskvinnslu, má segja að nýtt tímabil í fiskvinnslumálum hafi hafist hér á landi. Þá var fyrst fyrir alvöru farið að huga að nauðsynlegri samræmingu á milli veiða og vinnslu og að því að skipuleggja veiðarnar með tilliti til samfelldrar vinnu í fiskvinnslustöðvunum.

Áður hafði aðgreining fiskveiða og fiskvinnslu verið ráðandi og fiskibátarnir oftast í eigu annarra aðila en þeirra, sem áttu eða stjórnðu fiskvinnslustöðvunum.

Nú er flestum orðið ljóst, að skilyrði þess, að vel takist með rekstur fiskvinnslustöðva, er að hráefnisöflun til stöðvanna sé örugg og sem jöfnust. Mikill afli, sem að berst á vissum tíma, er vinnslustöðvunum óhagkvæmur, ef hann er meiri en jöfn vinnsla ræður við. Á sama hátt er að sjálfsögðu hráefnisskortur mjög óhagkvæmur og veldur auk þess starfsfólkinu tjóni eða tekjutapi.

Þó að nokkuð hafi færst í betra horf með hráefnisöflun og jafnari vinnslu, er ástandið í þeim efnum langt frá því að vera gott. Á nokkrum stöðum má þó segja að tekist hafi sæmilega í þessum efnum, en á öðrum er ástandið mjög slæmt.

Og enn má finna þess mörg dæmi, að í sömu útgerðarstöð sé ástandið þannig, að um allt of mikinn afla sé að ræða í einni vinnslustöðinni, þegar hráefni vantar í aðra, eða allt of mikill afli berist á land í einu byggðarlagi á sama tíma og nálægt byggðarlag skortir hráefni til vinnslu.

Tillaga sú, sem hér er flutt, miðar að því, að tekist verði á við þann vanda, sem hér er um að ræða.

Eðlilegt er að sjávarútvegsráðuneytið hafi forgöngu í málinu og beiti sér fyrir að upp verði tekið nýtt skipulag á fisklöndun sem víðast í sjávarbæjum landsins.

Það er hugmynd flm. þessarar tillögu, að reynt verði að koma á viðtæku samstarfi allra þeirra sem hér eiga hlut að máli.

Eðlilegast sýnist að skipta landinu í nokkur fisklöndunarsvæði eftir aðstæðum. Þannig mætti t. d. hugsa sér allt Reykjanessvæðið sem eitt löndunarsvæði. Þar væri auðvelt að flytja fisk á milli byggðarlaga og fiskvinnslustöðva, eftir því sem hentugt þætti. Jafnframt yrði að því unnið að skipuleggja alla fiskvinnslu á svæðinu og hráefnisöflun fyrir svæðið, þannig að sem eðlilegast samræmi væri á milli veiða og vinnslu. Af slíku skipulagi ætti að leiða hagkvæmari rekstur og fullkomið vinnuöryggi þess fólks sem við vinnuna starfar. Hliðstæð löndunarsvæði yrðu á Austfjörðum, Vestfjörðum, á Norðurlandi vestra og eystra, á Norðausturlandi, á Snæfellsnesi og Vesturlandi og á Stór-Reykjavíkursvæðinu.

Miklu máli skiptir að koma á góðu samstarfi á milli byggðarlaga og þá um leið góðum og öruggum flutningum á hráefni milli staða. Til þess að slíkt takist vel þyrftu bílar að vera yfirbyggðir með kælingu og vel lagaðir til að taka við fiskkössum. Yfirstjórn á löndunarsvæðinu sæi um miðlun hráefnis, þannig að vinnslan yrði alls staðar sem hagkvæmust.

Með skipulagi af þessu tagi væri að því unnið að gera rekstur frystihúsa hliðstæðan rekstri góðra iðnfyrirtækja, eða iðnaðarverksmiðja. Þar yrði um að ræða jafna og stöðuga vinnu, vinnu sem væri miklu auðveldara að hagræða og skipuleggja með hliðsjón af rekstrarlegri hagsýni en nú er mögulegt í sveiflukennnum störfum.

Fiskidnaðurinn er stóriðja okkar Íslendinga. Þá stóriðju þarf að skipuleggja og gera henni kleift að þróast, ekki aðeins til frumvinnslu hráefnis, heldur til fullkominar matvælaframleiðslu.

Flm. leggja áherslu á, að skipulag af þeirri gerð, sem tillagan fjallar um, verður að þróast stig af stigi og með skilningi þeirra, sem hér eiga hagsmuna að gæta.

Löndunarsvæðin verða að ákveðast af heimaaðilum og þeir eiga að stjórna hinu nýja fyrirkomulagi. Ríkið á hins vegar að ýta undir þessa þróun og hafa áhrif á framkvæmdir.

Með skipulagi sem þessu verður fyrst hægt að ná tókum á gerð og stærð fiskiskipaflotans með tilliti til æskilegrar nýtingar fiskstofna og hagkvæmni í rekstri fiskvinnslu og veiða.

Fiskiskip landsmanna hafa lengst af verið af breytilegri gerð og ýmist í eigu einstaklinga eða félaga. Þannig verður það eflaust áfram um langan tíma, enda getur verið hagkvæmt að hafa í rekstri margvíslega gerð skipa, jafnt togara sem smærri báta.

Skipulag á veiðum og vinnslu þarf ekki að leiða til neinnar allsherjar samræmingar á gerð eða stærð fiskiskipanna né heldur á rekstrarformi.

Aðalatriðið er hins vegar að veiðin á hverjum tíma sé í samræmi við vinnslugetuna.

Breyting á gerð fiskiskipa og á útgerðarformi mun halda áfram, eftir því sem hentugt þykir og er í samræmi við ríkjandi aðstæður.

Skuttogarar af þeirri gerð, sem nú setur mestan svip á þorskveiðiflotann, hafa reynt vel. Þeir hafa ýmsa yfirburði til að tryggja nægilegt hráefni allt árið, umfram

Það sem minni bátar hafa. Bátar af ýmsum stærðum og gerðum geta þó hentað mjög vel í ýmsum tilfellum og við sumar veiðar.

Það er tilgangur flm. með þessari tillögu að vekja athygli á miklu nauðsynjamáli og gera tilraun til þess að hafist verði handa um þá breytingu í fiskveiðum og fiskvinnslu sem hér hefur verið vikið að.